



## Starfsreglur leikskóla Norðurþings

Leikskólar Norðurþings starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, aðalnámskrá leikskóla, reglugerð um starfsemi leikskóla og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla. 655/2009. Einnig starfar hver leikskóli samkvæmt skólalögum Norðurþings og eigin skólalögum.

Starfræktur er einn leikskóli og tvær leikskóladeildir í sveitarfélaginu.

### Grænuvellir

Átta deilda leikskóli á Húsavík.

Heimasíða: [www.graenuvellir.karellen.is](http://www.graenuvellir.karellen.is)

Leikskólastjóri: Sigríður Valdís Snæbjörnsdóttir - [siggavaldis@graenuvellir.is](mailto:siggavaldis@graenuvellir.is)

Sími: 464 6160

### Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla

Samrekin leik- og grunnskóli í Lundi í Öxarfirði.

Vefsíða: [www.oxarfjardarskoli.nordurthing.is](http://www.oxarfjardarskoli.nordurthing.is)

Skólalastjóri: Hrund Ásgeirsdóttir [hrund@oxarfjardarskoli.is](mailto:hrund@oxarfjardarskoli.is)

Deildarstjóri leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla í Lundi: Arna Ósk Arnbjörnsdóttir.

Sími: 465 2344

### Leikskóladeild Grunnskóla Raufarhafnar

Samrekin leik- og grunnskóli á Raufarhöfn.

Vefsíða: [www.grunnskoli.raufarhofn.is/is/leikskolinn](http://www.grunnskoli.raufarhofn.is/is/leikskolinn)

Skólalastjóri: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

Sími: 464 9870

### Umsókn og innritun

Sótt er um leikskólanám á Grænuvöllum á vefsíðu leikskólans undir upplýsingar.

Umsóknir um leikskólanám í leikskóladeildum Öxarfjarðarskóla og Grunnskóla Raufarhafnar skulu berast skólalögum í viðkomandi skóla.

Foreldrar/forráðamenn fá tölvupóst með staðfestingu á að umsókn hafi verið móttækin. Sækja má um leikskólanám frá skráningu kennitölu barns. Hægt er að sækja um leikskóla þótt lögheimili sé í öðru sveitarfélagi en til að fá inngöngu þarf lögheimili að vera í Norðurþingi. Úthlutun er háð því að foreldri/forráðamaður sé ekki í vanskilum með vistunar- eða fæðisgjöld hjá Norðurþingi. Tekið er á móti umsóknum allt árið.

Börn eru innrituð í leikskólann eftir aldri þannig að eldri börn ganga fyrir þeim yngri. Börn eru skráð á biðlista frá eins árs aldri og raðast þau á biðlistann eftir fæðingardegi og ári. Hafni foreldrar vistun þarf að endurnýja umsókn. Leikskólanám er að jafnaði í boði fyrir börn sem náð hafa eins árs aldri í ágúst og svo aftur í janúar árið eftir. Það skal tekið fram að ekki er unnt að tryggja öllum börnum leikskólanám við eins árs aldur. Fjöldi og tímasetningar aðlagana yngstu barna koma fram á skóladagatali hvers árs.

Þegar aðstæður leyfa eru yngstu börnin aðlöguð í leikskólann þrisvar til fjórum sinnum á ári. Miðað er við að foreldrar/forráðamenn fái boð um vistun með þriggja mánaða fyrirvara sem þeir þurfa að staðfesta innan tíu daga. Berist ekki staðfesting er lítið svo á að boði um vistun sé hafnað. Þegar barn hefur fengið inngöngu í leikskólann er bréf sent í tölvupósti með upplýsingum um hvenær leikskólagangan hefst og hvernig aðlögun verði hagað. Þegar skrifleg staðfesting á leikskólanámi hefur borist frá leikskólastjóra telst plássinu úthlutað þó eldri börn kunni að koma á biðlista áður en leikskólanám hefst. Eldri börnin bíða þá næstu innritunar.

### **Forgangshópar**

Starfsfólk leikskóla Norðurþings og læknar sem eiga lögheimili í Norðurþingi njóta forgangs um vistun barna sinna.

Læknar og/eða sérfræðingar félagsþjónustu geta óskað eftir forgangi vegna barna þar sem fyrir liggja vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila um staðfest frávík eða greiningarferli viðkomandi barns.

### **Uppsagnarfrestur og ósk um breytingar á dvalarsamningi**

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leikskólasamningi er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Óskir um breytingar þurfa að berast fyrir 20. hvers mánaðar og ef hægt er að verða við þeim taka þær gildi fyrsta virka dag næsta mánaðar. Óski foreldrar/forráðamenn eftir breytingu á leikskólasamningi eða segja honum upp er það gert á eftirfarandi hátt:

- Grænuvellir: Með tölvupósti til leikskólastjóra.
- Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla: Með tölvupósti til skólastjóra
- Leikskóladeild Grunnskóla Raufarhafnar: Með tölvupósti til skólastjóra.

Ef ekki er hægt að ráða nægan fjölda starfsfólks til að leikskóli sé fullmannaður getur leikskólastjóri skert vistunartíma. Byrjað er að skerða vistunartíma yngstu barnana í þeim tilfellum. Ákvörðun um skerðingu á vistunartíma þarf skólastjóri að tilkynna fyrir 10. hvers mánaðar og tekur hún gildi fyrsta virka dag næsta mánaðar.

### **Leikskólagjöld**

Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram, gjalddagi miðast við fyrsta virka dag hvers mánaðar. Dvalargjald skal greitt samkvæmt leikskólasamningi hvers barns. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga og reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Greitt er fyrir 11 mánuði á ári. Foreldrar greiða dvalar- og fæðisgjöld samkvæmt gjaldskrá sem að ákveðin er af sveitarstjórn. Norðurþing greiðir stærstan hluta kostnaðar við rekstur leikskólans.

Breytingar á gjaldskrá eru kynntar foreldrum með tilkynningu frá leikskólanum,

jafnframt er uppfærð gjaldskrá birt á vefsíðu leikskólans og á vefsíðu sveitarfélagsins.

Ef til þriggja mánaða vanskila kemur er foreldrum leiðbeint með að semja um greiðslu gjalda, annars er leikskólastjóra skylt að segja upp leikskólasamningi.

### **Afsláttur**

Hjón eða fólk í sambúð greiða almennt gjald, einstæðir foreldrar geta sótt um afslátt hjá leikskólastjóra en þá þarf viðkomandi að vera skráður einstæður í þjóðskrá. Endurnýja þarf umsókn um afslátt sem einstætt foreldri ár hvert. Hefji einstæðir foreldrar sambúð skal greiða hærra gjald þegar sambúð hefst og ber þeim að tilkynna þær breytingar. Systkinaafsláttur er gefinn samkvæmt gjaldskrá leikskóla Norðurlands:

- Með öðru barni 50%
- Með þriðja barni 100%

Starfsmenn leikskóla Norðurlands í 80-100% starfi fá 50% afslátt af leikskólagjöldum. Námsmenn sem stunda fullt lánshæft nám samkvæmt reglum Lánasjóðs Íslenskra námsmanna fá 20% afslátt af leikskólagjöldum frá september til desember og frá janúar til maí. Umsóknum skal skila til leikskólastjóra/skólastjóra fyrir upphaf námsárs. Skila þarf innritunartorði frá skóla í upphafi hverrar annar og er afsláttur veittur eftir að gögnum er skilað.

Einungis er veittur einn afsláttur fyrir hvert barn.

Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjöldum en hægt er að fá fæðiskostnað felldan niður ef sótt hefur verið um leyfi fyrir nemanda í samfelld 4 vikur eða lengur.

Geti nemandi ekki sótt leikskóla vegna veikinda samfelld 4 vikur eða lengur er hægt að óska eftir niðurfellingu fæðis og vistunargjalda gegn framvísun læknisvottorðs.

Foreldrum ber að tilkynna leikskólastjóra um breytingu á högum sínum s.s. breytt heimilisfang, símanúmer og hjúskaparstöðu.

### **Opnunartími og skipulagsdagar**

Leikskólarnir eru opnir frá 8.00 – 16.00 og börn geta dvalið á leikskóla í fjórar til átta klukkustundir að hámarki á dag.

Leikskólasamningar eru aðeins miðaðir við heila tímann og greitt er samkvæmt því. Hver leikskóli veitir foreldrum ákveðið svigrúm fyrir og eftir umsaminn dvalartíma til að koma með barn í leikskólann og sækja það. Ætlast er til að foreldri og barn hafi yfirgefið leikskólann innan þess svigrúms sem hver leikskóli veitir eftir að umsömdum vistunartíma lýkur. Séu börn sótt seinna án þess að gild skýring liggja fyrir skal viðkomandi greiða 1000 kr. fyrir hvert skipti.

- Leikskólastjóri sér alfarið um að skipuleggja skipulags- og námskeiðsdaga Grænuvalla. Dagar þessir eru á skóladagatali leikskólans og auglýstir með mánaðar fyrirvara. Reynt er að samræma þessa daga við grunnskóla eins og kostur er.



- Skólastjóri/ deildarstjóri sér um að skipuleggja skipulags- og námskeiðsdaga leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla. Dagar þessir eru á skóladagatali Öxarfjarðarskóla. Starfsdagar þessir eru að hluta til samræmdir við starfsdaga grunnskólans.
- Skólastjóri/ deildarstjóri sér um að skipuleggja skipulags- og námskeiðsdaga leikskóladeildar Grunnskóla Raufarhafnar. Dagar þessir eru á skóladagatali Grunnskóla Raufarhafnar. Starfsdagar þessir eru að hluta til samræmdir við starfsdaga grunnskólans.

Leikskólarnir eru lokaðir á aðfangadag og gamlársgdag. Leikskólagjöld lækka ekki vegna lokana á skipulags- og starfsdögum og á aðfangadag og gamlársgdag.

Barn í leikskóla skal taka að lágmarki fjögurra vikna samfelld sumarleyfi ár hvert.

Frekari upplýsingar um opnunartíma er að finna í skóladagatölum á vefsíðum skólanna

### Sérfræðipjónusta

Allt starfsfólk leikskóla Norðurþings er bundið þagnarskyldu og helst þagnarskylda þó látið sé af störfum. Tilkynningaskylda til barnaverndar gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu starfsstétta samkvæmt 17. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002.

### Þagnarskylda

Allt starfsfólk leikskóla Norðurþings er bundið þagnarskyldu og helst þagnarskylda þó látið sé af störfum. Tilkynningaskylda til barnaverndar gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu starfsstétta samkvæmt 17. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002.

### Meðferð ágreiningsmála

Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara reglna er hægt að vísa málinu til fræðslufulltrúa sem fer með málefni leikskólans. Náist ekki samkomulag ber að vísa málum til Fjölskylduráðs Norðurþings. Ákvarðanir sveitarfélagsins um réttindi einstakra barna eru kærnanlegar til menntamálaráðherra samkvæmt 10. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008.



Samþykkt af fræðslu- og menningarnefnd 10. febrúar 2016

Staðfest af sveitarstjórn 16. febrúar 2016

Reglur endurskoðaðar og uppfærðar á 106. fundi Fjölskylduráðs Norðurþings 22. nóvember 2021 og staðfestar í sveitarstjórn Norðurþings 7. desember 2021

Reglur endurskoðaðar og uppfærðar á 157. fundi fjölskylduráðs Norðurþings 27. júní 2023 og staðfestar í Bygðaráði Norðurþings, í umboði sveitarstjórnar, 6. júlí 2023.



**Norðurþing**

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 nordurthing@nordurthing.is



**Norðurþing**

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 [nordurthing@nordurthing.is](mailto:nordurthing@nordurthing.is)